

EIGIÐ ELDVARNAREFTIRLIT

EFLA er alhliða verkfræði- og ráðgjafarfyrtæki, öflugt þekkingarfyrtæki, sem veitir vandaða þjónustu í tugum þjónustuflokka. Það býr yfir viðtækri og traustri fagþekkingu og hefur á að skipa um 220 starfsmönnum, þar af um 50 starfsmönnum í erlendum dótturfyrirtækjum. Mannauðurinn er dýrmætasta auðlind fyrirtækisins. EFLA sinnir fjölda ólíkra verkefna á hverjum tíma, á Íslandi og í mörgum öðrum löndum. Það leggur ríka áherslu á nýsköpun og rannsóknir. EFLA starfar samkvæmt vottuðu gæðakerfi (ISO 9001:2000) og vottuðu umhverfisstjórnunarkerfi (ISO 14001:2004).

EFLA rekur öfluga ráðgjafastarfsemi á sviði brunahönnunar og öryggismála. Lögð er megináhersla á að nýta sérfræðipækkingu til að vernda eignir og fólk gegn brunavá og stuðla að öryggi fólks með gerð viðbragðs- og rýmingaráætlana.

Til hvers er eigið eldvarnaeftirlit?


Markmiðið með eigin eldvarnaeftirliti er að tryggja að réttur viðbúnaður og viðbrögð séu til staðar til að hindra að eldur kvikni og sjá til þess að hann valdi sem minnstu tjóni á fólki, byggingum og starfsemi. Einnig að auka þekkingu og innsýn í brunavarnir í viðkomandi starfsemi.

Til að ná þeim markmiðum þarf að fara fram reglubundið eftirlit með öllum brunatækilegum kerfum og búnaði í húsnæði til þess að tryggja að allt sé með felldu þegar þörf krefur. Stærð og tegund húsnæðis sem og eðli starfseminnar ræður miklu um hvernig eftirliti er háttað.

Uppbygging kerfis

Eigið eldvarnaeftirlitskerfi EFLU er byggt upp samkvæmt hugmyndafræði áhættustjórnunar, þar sem líkur á bruna og mögulegar afleiðingar eru greindar kerfisbundið. Helstu þættir eftirlitskerfisins eru þessir:

1. Stefna og markmið
2. Skipulag og ábyrgðir
3. Brunavarnir byggingarinnar
4. Fræðsla og þjálfun
5. Leiðbeiningar og gátlistar
6. Skráning eldvarmbúnaðar
7. Skipulag og framkvæmd
8. Eftirfylgni og meðhöndlun frávika



Eftirlitskerfi EFLU

EFLA fer nýja leið í hönnun eigin eldvarnaeftirlitskerfa með innleiðingu vefkerfis sem heldur utan um alla þætti eftirlitsins, gögn, ábyrgðir og eftirfylgni.



The screenshot shows the EFLA web application interface. It includes a navigation menu on the left with options like 'MÍN SÍÐA', 'BYGGINGIN', 'ÞJÓNUSTUSAMNINGAR', 'SÍÐULAG', 'FRÁVIK', 'SKIÐL', and 'STILLINGAR'. The main content area displays a form for building registration with fields for 'Kæðunúmer 90 byggingar', 'Nafn byggingar', 'Kæðunúmer', 'Fastiðmenning', 'Heimildargangur', 'Póstfang og íbú', 'Staður', and 'Valg forsendi foto'. Below the form is a photo of a modern building. At the bottom, there is a section for 'UPPLÝSINGAR' and 'VEFSTYRISMAÐUR' with fields for 'Kunde.navn', 'Eigandi', 'Póstfang', 'Póstfang og íbú', 'Staður', and 'Heimilisfang'.

Helstu kostir eftirlitskerfis Eflu eru:

- Einfalt viðmót og fjótlegt að læra.
- Aðgengi frá hvaða nettengdri tölvu sem er.
- Gefur heildaryfirlit yfir stöðu eftirlits.
- Boð um frávik eru send með tölvupósti, ef þau eru ekki meðhöndluð á skilgreindum tíma.
- EFLA sér um að uppfæra reglugerðir og leiðbeiningar.
- Hægt að heimila lesaðgengi að afmörkuðum upplýsingum fyrir innri eða ytri aðila s.s. eldvarnaeftirlit eða tryggingarfélag.
- Ekki er þörf á prentaðri útgáfu, en hægt að prenta út gögn ef vill.
- Hægt að nota fyrir önnur eftirlitskerfi einnig.

Af hverju EFLA?

Á EFLU eru sérfræðingar í brunahönnun, áhættugreiningum og gerð eftirlitskerfa með margra áratuga reynslu.

Hafðu samband og þiggðu ókeypis kynningu á uppbyggingu eigin eldvarnaeftirlitskerfis.

Böðvar Tómasson bodvar.tomasson@efla.is s. 665 6061
Árni Arnason arni.arnason@efla.is s. 665 6035